



Fundargerð

1. fundur nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 13:00 fimmtudag 1. júní 2023, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Verkefni undanfarið og hvað er framundan
3. Aðildargjöld (hækkun?)
4. Vestnorden - breyting
5. Önnur mál
 - a. Sumarleyfi starfsmanna

Stjórn skiptir með sér verkum

Samkvæmt venju þarf ný stjórn að skipta með sér verkum. Katrín hefur gegnt hlutverki formanns og gefur áfram kost á sér til þess embættis. Stjórn samþykkir það samhljóða. Nejra Mesetovic, verkefnastjóri MSS ritar fundina.

Aðalfundur og árshátíð 4. maí á Landhótel

Katrín Ó. Sigurðardóttir formaður stjórnar opnaði fundinn og Ragnhildur Sveinbjarnardóttir framkvæmdastjóri MSS fór yfir verkefni sl. árs og helstu áherslur 2023. Vala Hauksdóttir verkefnastjóri Markaðsstofunnar kynnti Eldfjallaleiðina og þá vinnu sem átt hefur sér stað síðustu misseri. Þá kynnti Katrín ársreikning ársins 2022. Að aðalfundastörfum loknum hlaut Mr. Iceland viðkenningu sem Sproti ársins 2022. Á bakvið Mr. Iceland er ferðapjónustubóndinn og hvítlauksræktandinn Hörður Bender. Eftir góðan aðalfund komu fulltrúar Íslandsstofu (Sigríður Dögg og Oddný) og fóru með gestum í gegnum starfsemi Íslandsstofu og þeirra markaðsaðgerðir ásamt því að vera með stutt námskeið um sýningar og í markaðssetningu á samfélagsmiðlum með Ásu Steinars

Að því loknu var farin örfærð um Rangárþing ytra undir stjórn Eiríks Vilhelms Sigurðarsonar markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra. Fékk fundarfólk tækifæri til að skoða og kynnast starfsemi Fjárhúslóftsins á Lækjarbotnum og smáspunaverksmiðjunni Uppspuna, Flóka viskís, Caves of Hella og Landhótels. Starfsmenn lögðu mikla vinnu í skipulag og undirbúning svo dagurinn yrði skemmtilegur þrátt fyrir að ekki yrði af kvöldskemmtun í ár. Það heppnaðist vel og gátu þátttakendur fræðst og eflt tengsl sín á milli.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

- Forstöðumenn MAS funda að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef tilefni er til. Sameiginlegur fundur forstöðumanna var um miðjan maí. Í framhaldi af honum var sent inn sameiginleg umsögn um þingsályktunartillögu um stefnumörkun um skemmtiferðaskip. Þá var rædd vinna sem er framundan við nýja aðgerðaáætlun í stefnumótun ferðamála en mikilvægt er að tryggja að fulltrúar frá Markaðsstofum landshlutanna eigi þar fulltrúa í vinnuhópum.
- Sameiginlegur starfsmannafundur allra Markaðsstofanna var haldinn 18.-19. apríl í Reykjavík. Suðurland og Reykjanes sáu um skipulagningu á fundinum í þetta sinn. Fundað var með Ferðamálastofu, Íslandsstofu, SAF og sátu starfsmenn námskeið hjá Akademas.
- Forstöðumenn MAS funduðu með nýjum Ferðamálastjóra, Arnari Má Ólafssyni, og Elíasi Gíslasyni, forstöðumanni gæða- og þróunarsviðs Ferðamálastofu. Þar kynnti MAS sínar helstu áherslur og gott að efla tengslin í samstarfinu. Aftur funduðu sömu aðilar 17. maí og var þá helst rætt um samninga Markaðsstofanna við Ferðamálastofu út frá minnispunktum sem komu fram á fundi hópsins 15. des sl. *Framundan er að endurnýja samninga um næstu áramót.*
- Framkvæmdastjóri fundað nokkrum sinnum með fulltrúa Markaðsstofu Norðurlands og Stefnu um næstu skref í þróun á vefsíðum markaðsstofanna.
- Mánaðarlegur fundur forstöðumanna MAS með Sigríði Dögg, fagstjóra ferðapjónustu hjá Íslandsstofu, um sameiginleg verkefni var haldinn um miðjan maí. Einnig var hluti af vinnudegi MAS í apríl að standa að vinnustofu um helstu samstarfsverkefni MAS og Íslandsstofu. Þar skiptu starfsmenn Íslandsstofu og starfsmenn MAS sér upp í 4 vinnuhópa og ræddu málefnasviðin.

- Samráðsfundur fyrir stjórnarfund Vatnajökulsþjóðgarðs (VJB) var haldinn í maí með hagsmunaaðilum ferðapjónustunnar, en gott fyrir áheyrnarfulltrúa ferðamálasamtaka í stjórn VJB að eiga samtál um málefni þjóðgarðsins.

Samstarf við sveitarfélög

- Send var út könnun til sveitarfélaga og hélt framkvæmdastjóri kynningu fyrir sveitarfélaginu Hornafirði um miðjan apríl og eftir að könnun var skilað hafa nokkur sveitarfélög til viðbótar óskað eftir kynningu í haust á starfsemi Markaðsstofunnar.
- Faghópur sveitarfélaga á Suðurlandi um ferðamál samanstendur af fulltrúum sveitarfélaga sem eru í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands. Hópurinn hittist annan hvern mánuð og oftast á fjarfundum. Ekki hefur gefist tækifæri til að hittast í persónu í nokkurn tíma vegna Covid 19 og anna. Nú var þó tækifæri til að hittast og ákvað hópurinn að hittast í Vík í þetta skiptið. Heimsóknin hófst á Kötlusetri þar sem Harpa forstöðumaður og faghópsmeðlimur kynnti starfsemi Kötluseturs og fór yfir helstu verkefni sem framundan eru. Hópurinn fór einnig yfir atvinnuþróun og nýsköpun í landshlutanum. Það sem stóð upp úr á þessum faghópsfundi var hversu mikil gróska og nýsköpun er framundan í ferðamálum í landshlutanum og líka þeim áskorunum sem fylgir fjölgun ferðamanna, svo sem aðgengismál, gisting og íbúðarhúsnæði fyrir starfsfólk ferðapjónustufyrirtækja. Hópurinn hafði um nóg að ræða og er ljóst að ekki verður skortur á umræðuefni fyrir næsta fund faghópsins.
- Markaðsstofan hefur aðstoðað sveitarfélögin við að koma svæðiskortunum þremur af Suðurlandi út og hefur verkefnastjóri leitt þá vinnu og samræmt aðgerðir. Mesta þörfin var fyrst á að koma út kortinu um Gullna hrings svæðið (appelsínugula) þar sem lagerinn var uppurinn á meðan enn er talsvert til af hinum. Það kort er nú komið úr prentun og komið í einhverja dreifingu.
- Áttum fund með sveitarstjóra sveitarfélags um verkefni sem þau eru að fara í, starfsfólk MSS gat veitt ráðgjöf og aðstoð við ákveðna verkþætti.
- Verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar hefur búið til og sent á sveitarfélögin leiðarvísi um framkvæmdasjóð ferðamannastaða og uppbyggingu áfangastaða. Þar eru leiðbeiningar um hvernig sveitarfélögin koma áfangastöðum inn í áfangastaðaáætlun en auknar kröfur hafa verið lagðar á framsetningu og birtingu verkefna sem tengjast áfangastöðum í áætluninni af framkvæmdasjóðnum.

Framundan er að senda út áminningu á þau sveitarfélög sem ekki hafa skilað inn svörum á könnun. Einnig verður haldið áfram vinnu við uppfærslu á svæðakortunum fyrir Kötlu jarðvang og Ríki Vatnajökuls. Þá er framundan að yfirfara og uppfæra birtingu áfangastaða í áfangastaðaáætlun með sveitarfélögunum fyrir umsóknarferli framkvæmdasjóðs í haust.

Samstarf með Íslandsstofu

- Verkefnastjórar unnu lengi að skipulagi og undirbúningi á stórrí blaðamannaferð sem fór fram seinnipartinn í maí. Ferðin var unnin í samstarfi við Íslandsstofu, flugfélagið Edelweiss og Markaðsstofu Norðurlands. Ferðast var víða um Suðurland og móttöku voru alls staðar til fyrirmyndar. Hópurinn var mjög glaður og naut sín um Suðurlandið. Að lokinni ferð þarf að fylgja ýmsum hlutum eftir og vera áfram í samskiptum við miðla og PR stofur.

- Þá var einnig skipulögð pre-ferð fyrir kaupendur sem koma á Vestnorden sem verður haldin 17.-19. október í Reykjavík og skilað inn fyrir 15. apríl.
- Þá hafa einnig verið í undirbúningi nokkrar heimsóknir áhrifavalda og miðla, ýmist í samstarfi við Íslandsstofu og bara beint. Mjög margar fyrirspurnir eru að berast til MSS þessa dagana um samstarf, frá miðlum og áhrifavöldum og því þarf að velja vel.

Framundan er frekari undirbúningur pre-ferða vegna Vestnorden og samstarf um blaðamenn og áhrifavalda.

Ferðamálastofa

Framangreindir fundir með Ferðamálastofu um komandi endurnýjun samninga. Þá hefur verið samstarf um uppfærslu á efni í gagnagrunni Ferðamálastofu eins og gert er a.m.k. einu sinni á ári. Þá var Stefán fenginn til að taka upp efni á Iceland Travel Tech 2023 nú í lok maí og vinna myndbönd því tengt.

Framundan er stöðufundur að vori um samstarfið og verkefni þann 9. júní nk.

Vinnustofur og sýningar

Opnað hefur verið fyrir skráningar á Vestnorden. Það eru breytingar á sýningar fyrirkomulagi og er spurning hvernig Markaðsstofan vill skrá sig í ár.

Framundan er að undirbúa pre-ferðir vegna Vestnorden og búið er að skrá MSS á vinnustofur í Norður-Ameríku (Toronto, San Fransisco, Seattle) í september.

Samstarf við SASS

Verið er að klára að ganga frá samningi um Eldfjallaleiðina og lokagreiðslu á fyrri verkþætti sem unninn var árið 2022.

Stefán vann að upptöku á kynningarefni fyrir SASS og klippa saman efni fyrir rafrænan kynningarviðburð á úthlutun úr Uppbyggingarsjóð.

Auk þess eru starfsmenn ávallt að fylgjast með þróun greinarinnar og sinna ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga varðandi verkefni tengd ferðaþjónustu, menningu og markaðsmálum.

Framundan í samstarfinu við SASS er mögulega frekari upptökur á efni.

Áfangastaðaáætlun og Eldfjallaleiðin

Unnið hefur verið að uppfærslu áfangastaðaáætlunar, er vinnan langt komin og verður vonandi gefin út fyrir sumarleyfi. Verkefnastjóri hefur sett upp hvaða vísa vakta þarf reglulega til þess að sjá hvar við stöndum gagnvart framtíðarsýn og markmiðum ferðaþjónustunnar á Suðurlandi.

Vinnan við Eldfjallaleiðina gengur vel og er búið að setja fram síðu á south.is fyrir leiðina. Verkefnastjórar áttu fund með ljósmyndara um efnissköpun og er von á myndefni í júní. Eldfjallaleiðin var kynnt á aðalfundi og á opnum fundi á Teams núna í vikunni og vekur greinilega mikinn áhuga þar sem góð mæting var á fundinn og góðar umræður. Gríðarlega

mikilvægt er að finna þennan áhuga og hlutverk Markaðsstofunnar að skapa þennan jarðveg og svo er það svæðanna og fyrirtækjanna að skapa sér verðmæti af starfinu.

Framundan er að halda áfram að vinna að Eldfjallaleiðinni sem fékk styrk úr Sóknaráætlun Suðurlands. Þá heldur vinna við uppfærslu áfangastaðaáætlunar áfram og verður á næstunni send fyrsta útgáfa á stýrihóp til yfirlestrar.

Vefur og samfélagsmiðlar

Vinna við efnissköpun fyrir samfélagsmiðla og vef er alltaf í gangi. Undanfarið hefur verið unnið að nýjum síðum um mismunandi þemu og þá hefur vinna við síðu Eldfjallaleiðarinnar verið fyrirferðarmikil.

Alltaf verið að skrifa fréttir, miðla efni og huga að næstu skrefum í framþróun á síðu og miðlum. Nokkrir fundir átt sér stað á tímabilinu um samstarf við áhrifavalda og miðla.

Framundan er áframhaldandi vinna við efnissköpun á vef og samfélagsmiðla en sú vinna er sífellt í gangi, allt árið. Miðla þarf fréttum af starfseminni auk annars efnis sem kynnir náttúru, mat, menningu og þjónustu svæðisins.

Kortaútgáfa

Vinna er hafin við uppfærslu og útgáfu á græna landshlutakortinu þar sem upplag er að klárast. Framundan er að senda það í prentun og dreifingu.

Innra starf

- Í aðdraganda aðalfundar fundaði framkvæmdastjóri með KPMG varðandi bókhald og gerð ársreiknings
- Fundað hefur verið með nokkrum nýjum og eldri samstarfsfyrirtækjum.
- Byrjað er að safna saman upplýsingum um þetta falda framlag fyrirtækja inn í samstarfið, safna saman þessum upplýsingum til að sjá virði þeirra þegar kemur að blaðamönnum og áhrifavöldum.
- Unnið að gerð „stimpils“ fyrir verðlaun á árs hátíð – sproti og framlag
- Unnið hefur verið að könnun sem send verður á samstarfsfyrirtæki. Gögn verða nýtt til að bæta starfseminni og efla samstarf við helstu hagaðila.
- Ávallt eru í gangi samskipti við samstarfsaðila og viðræður við ný fyrirtæki.

Aðrir fundir/erindi

Starfsfólk MSS reynir að sækja sem flesta fundi og kynningar sem snerta málaflokka starfseminnar og eykur þekkingu starfsfólks. M.a. má nefna að þessir fundi og nokkrir framundan.

- AdWorld, virtual marketing event
- Staða íslenskrar ferðapjónustu í árslok 2022 – streymi í lok mars
- Fundur um sjálfbært Ísland á Hótel Selfossi í lok apríl
- Gullna hringborðið um öryggi ferðamanna á Gullna hringnum í lok maí
- Fræðslufundur Kötlu jarðvangs í Rangárþingi eystra í lok maí.

Aðildargjöld Markaðsstofu Suðurlands

Framkvæmdastjóri kynnir tillögu að breytingu á aðildargjöldum fyrirtækja. Aðildargjöld hafa ekki verið hækkuð í nokkur ár en í ljósi launahækkana og annarra hækkana er talin þörf á að gera það í ár. Stjórn samþykkir breytingu og hefur ákveðið að miða við 10% hækkun og að hédan í frá verði gjöldin miðuð við vísitölu neysluverðs.

Framundan er vinna tengt breytingum á aðildargjöldum, senda aðilum breytingar, staðfesta verðflokka sem þau eru í og annað.

Önnur mál

- Sumarleyfi, ekki verður viðvera starfsmanna á skrifstofu í ca 3 vikur í sumar en þó verður sími áframsendur á starfsmann.
- Rætt var um hvenær næsti fundur stjórnar verður og ákveðið að halda hann í september.
- Framkvæmdastjóri sendir einnig fundarboð fyrir næsta árið svo allir séu með þær dagsetningar á hreinu.

Fundi slitið kl. 14:30